

LÖG

um breytingu á kosningalögum, sveitarstjórnarlögum og lögum um lögheimili og aðsetur (sveitarstjórnarkosningar í Grindavíkurbæ).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á kosningalögum, nr. 112/2021.

1. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningum í Grindavíkurbæ sem fram fara 2026 á hver sá sem uppfyllir skilyrði 4. gr. eða hefur fengið umsókn skv. 2. og 3. mgr. samþykkt.

Sá sem átti lögheimili í Grindavíkurbæ 9. nóvember 2023, en flutt hefur lögheimili sitt í annað sveitarfélag hér á landi, getur sótt um að vera tekinn á kjörskrá í Grindavíkurbæ við sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 2026, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 4. gr. Sé umsóknin samþykkt á umsækjandi kosningarrétt í Grindavíkurbæ en telst þar með hafa afsalað sér kosningarrétti í lögheimilissveitarfélagi sínu.

Þjóðskrá Íslands auglýsir fyrirkomulag á móttöku og meðferð umsókna og getur umsóknarferlið verið rafrænt. Umsókn skal send Þjóðskrá Íslands eigi síðar en 45 dögum fyrir kjördag. Þjóðskrá Íslands skal afgreiða umsóknina eins fljótt og unnt er og tilkynna umsækjanda um niðurstöðuna. Umsækjanda er heimilt að skjóta synjun Þjóðskrár Íslands til úrskurðarnefndar kosningamála innan sólarhrings frá dagsetningu hennar. Þegar umsóknarfrestur er liðinn er Þjóðskrá Íslands heimilt að láta sveitarstjórn Grindavíkurbæjar í té upplýsingar um þá einstaklinga sem um ræðir og upplýsa lögheimilissveitarfélag hvers og eins um niðurstöðuna.

Þrátt fyrir 29. gr. skal á kjörskrá Grindavíkurbæjar við sveitarstjórnarkosningar 2026 taka þá sem uppfylla skilyrði 4. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár 38 dögum fyrir kjördag og að auki þá sem hafa fengið umsókn skv. 2. og 3. mgr. samþykkt, og skal samhliða taka viðkomandi út af kjörskrá í lögheimilissveitarfélagi.

b. (II.)

Þrátt fyrir 2. mgr. 6. gr. er kjörgengur í sveitarstjórn Grindavíkurbæjar við sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 2026 hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélaginu í þeim kosningum og hefur óflekkað mannorð.

Sá sem er á framboðslista skv. a-lið 1. mgr. 49. gr. eða hlýtur kosningu skv. b-lið sama ákvæðis við kosningar í sveitarstjórn Grindavíkurbæjar sem fram fara 2026 heldur kjörgengi í sveitarstjórn Grindavíkurbæjar til loka kjörtímabilsins án tillits til þess hvar viðkomandi á lögheimili.

c. (III.)

Ef þar til bært stjórnvald hefur bannað dvöl í eða umferð um Grindavíkurbæ á kjördag í sveitarstjórnarkosningum sem fram fara 2026 skulu kosningarnar engu að síður fara fram, nema þeim verði frestað skv. 124. gr., en kjörstaður, sem skal vera utan marka sveitarfélagsins, skal ákveðinn af sveitarstjórn að höfðu samráði við landskjörstjórn.

II. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 2. mgr. 43. gr. eru þeir kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir Grindavíkurbæjar fram að sveitarstjórnarkosningum 2030 sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu eða höfðu kosningarrétt í sveitarfélaginu í sveitarstjórnarkosningum 2026, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. Þeir sem skipaðir eru í nefndir, ráð og stjórnir Grindavíkurbæjar geta ekki setið í nefndum, ráðum og stjórnnum í öðru sveitarfélagi á sama tíma.

III. KAFLI

Breyting á lögum um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018.

3. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða V í lögnum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Einstaklingi sem átti lögheimili í Grindavíkurbæ 9. nóvember 2023 og skráð hefur aðsetur samkvæmt þessari grein er heimilt að eiga áfram skráð lögheimili í Grindavíkurbæ á meðan aðsetursskráningin er í gildi, enda eigi viðkomandi ekki skráð lögheimili annars staðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 1. mars 2026.

Halla Tómasdóttir.

(L. S.)

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.